

FUNDARGERÐ

334. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 28. október 2022 í fundarsal sjóðsins að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð
2. Sérstök söfnun
3. Pappi
4. Fræðslumál
5. Skýrsla um möguleika til álagningar úrvinnslugjalds á fleiri plastvörur
6. Ríkisendurskoðun
7. Glerumbúðir
8. Starfsmannamál
9. Umbótaáætlun
10. Endurgjald og flutningsjöfnun
11. Fundaáætlun
12. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Líf Magneudóttir (LM),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

Hildur Hauksdóttir (HH) boðaði forföll.

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerð 333. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs var samþykkt.
2. Ákveðið var að taka ósamræmi milli flutningsjöfnunarflokka á heimasíðu sjóðsins og ákvarðana stjórnar til skoðunar milli stjórnarfunda og var skrifstofu Úrvinnslusjóðs falið að taka saman minnisblað um efnið.

3. Ákveðið var að fyrirliggjandi kostnaðarforsendur sérstakrar söfnunar heimilisúrgangs verði lagðar til grundvallar áframhaldandi vinnu og talnabálknum lokað að sinni. Þá var skrifstofu falið að leggja fyrir stjórn drög að verðskrá endurgjalds vegna sérstakrar söfnunar.
4. Skrifstofu var falið að leggja drög að tillögum um möguleika til álagningar úrvinnslugjalds á fleiri plastvörur.
5. Ákveðið var að hækka endurgjald vegna pappa úr 14 kr./kg í 25 kr./kg.
6. Ákveðið var að verða við beiðni í skjalinu F334 D06 Sorpa_Endurvinnsla_glerumbúðir_171022.
7. Ákveðið var að stjórn muni funda á tveggja vikna fresti.
8. Ákveðið var að næsti fundur stjórnar verði haldinn 9. nóvember 2022 kl. 12:00.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 08:31

LM var boðin velkomin til starfa í stjórn Úrvinnslusjóðs.

1. Fundargerð

Fyrir fundinum lágu drög að fundargerð 333. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs. Fundargerðin var SAMÞYKKT með smávægilegum lagfæringum sem framkvæmdar voru á fundinum. Verður hún send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

Stjórn ræddi efni bókunar fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í fundargerð 333. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs. EM benti á að ósamræmi væri milli flutningsjöfnunarflokka á heimasíðu sjóðsins og ákvarðana stjórnar. ÁKVEÐIÐ var að taka málið til skoðunar milli stjórnarfunda og var skrifstofu Úrvinnslusjóðs falið að taka saman minnisblað um efnið.

2. Sérstök söfnun

Fyrir fundinum lágu sex skjöl á fundargátt stjórnar: 1) F334 D02 Dæmi um uppgjör við sveitarfélög Ökutæki, 2) F334 D02 Forsendur varðandi sérsöfnun á endurvinnsluefni; heimili og grenndarstöðvar, 3) F334 D02 Minnispunktar varðandi nauðsyn þess að gera úttakskönnun_ okt 2022, 4) F334 D02 Samráð við sveitarfélög, sérsöfnun á endurvinnsluefnum, 5) F334 D02 Sérstök söfnun viðskiptalíkan forsendur og 6) F334 D02 Svar ráðuneytis við minnisblöðum um framleiðendaábyrgð.

Gunnar Bragason ráðgjafi var gestur á fundi stjórnar undir umfjöllun um dagskrárliðinn.

Gunnar gerði stjórn grein fyrir upplýsingum vegna kostnaðarábyrgðar Úrvinnslusjóðs á sérstakri söfnun heimilisúrgangs. Benti Gunnar á að leggja þyrfti mat á kostnaðarupplýsingar m.t.t. endurmats þegar reynsla hefði myndast og nefndi hann að líkur væru á að gera yrði breytingar á kostnaðarforsendum í því ljósi.

EM velti því upp hvort skynsamlegt væri að greiða meira fyrir flokkun í sérstök ílát en blöndun, t.a.m. plasts og pappa í sama ílát. Vísaði hún til fyrirmynda frá Svíþjóð í því efni. MJ tók undir með EM að rétt væri að taka það til skoðunar.

ÓK benti á að tilteknar forsendur vantaði en úr því yrði bætt og tók fram að þó kostnaður við söfnun á víðavangi stæði utan viðfangsefnisins mætti gera ráð fyrir að lagt yrði til að sá kostnaður yrði meðhöndlaður samhliða kostnaði við sérstaka söfnun. EM benti á að fyrir liggi skýrsla Municipal Waste Europe sem líta mætti til.

Stjórn ræddi stjórnsýslukostnað t.d. vegna innheimtu á gjöldum, fræðslumál o.fl.

MJ lagði til að fyrirbyggjandi kostnaðarforsendur sérstakrar söfnunar heimilisúrgangs yrðu lagðar til grundvallar áframhaldandi vinnu og talnabálknum lokað að sinni. Var það SAMÞYKKT. Þá var skrifstofu Úrvinnslusjóðs falið að leggja fyrir stjórn drög að verðskrá endurgjalds vegna sérstakrar söfnunar.

3. Pappi

Fyrir fundinum lágu skjöl með heitin *F334 D03 Endurgjald fyrir pappambúðir* og *F334 D03 Endurvinnsluverð á papp Peute*.

ÓK gerði stjórn grein fyrir breytingum sem hafa orðið á endurvinnsluverði pappi á markaði síðustu mánuði sem m.a. eiga rót sína að rekja til hækkandi orkuverðs og verðfalli á pappi í BNA. Lagði ÓK að því loknu fram tillögum um hækkun endurgjalds úr 14 kr./kg í 25 kr./kg. Tillagan var SAMÞYKKT.

4. Fræðslumál

Fyrir fundinum lágu skjöl með heitin *F334 D04 18.10.22_Hugarflug*, *F3324 D04 18.10.22_Opið samtal*, *F334 D04 18.10.22_Samræmd skilaboð_fundargerð* og *F334 D04 Samræmd skilaboð í fræðslumálum UST*.

ÓK gerði stjórn grein fyrir fundum Umhverfisstofnunar, Úrvinnslusjóðs, Endurvinnslunnar og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga um fræðslumál. Benti hann á að málið þyrfti að þokast áfram svo unnt yrði að koma fræðslu til framkvæmda um næstu áramót.

5. Skýrsla um möguleika til álagningar úrvinnslugjalds á fleiri plastvörur

Fyrir fundinum lágu skjöl með heitin *F334 D05 Úrvinnslugjald á plastvörur – niðurstöður úr athugun – Bréf 300622* og *F334 D05 Athugun á möguleikum til að álagningar úrvinnslugjalds (ID 25934)*.

ÓK kynnti stjórn efni skjalanna og þ. á m. beiðni URN um mat á möguleikum til álagningar úrvinnslugjalds á þær vörur sem innihalda plast til samræmis til niðurstöður skýrslu Verkís um athugun á möguleikum til álagningar úrvinnslugjalds á fleiri plastvörur og eftir atvikum tillögur um nýjar gjaldskyldar vörur.

Stjórn ræddi málið og fól skrifstofu að leggja drög að tillögum.

6. Glerumbúðir

Fyrir fundinum lágu með heitin *F334 D06 Sorpa_Endurvinnsla_glerumbúðir* og *F334 D06 Sorpa_Endurvinnsla_glerumbúðir_171022*.

ÓK gerði stjórn grein fyrir beiðni um stuðning við útflutning á gleri til endurvinnslu.

Stjórn ræddi málið. EM benti á að Ísland hefði ekki náð markmiðum um endurvinnslu glers. BSB benti á að um stefnumarkandi ákvörðun væri að ræða og horfa yri til þess að um tiltölulega litla fjármuni væri að tefla og að verkefnið mundi skapa sjóðnum tækifæri til að afla mikilvægra upplýsinga um endurvinnslu glers, þ.m.t. kostnaðarupplýsinga, sem mundu gagnast stjórn sjóðsins við framtíðarákvarðanatöku. Lagði BSB áherslu á hlutverk Úrvinnslusjóðs og benti á að hverjum uppgjörsflokki er ætlað að vera fjárhagslega sjálfstæður.

ÁKVEDIÐ var að verða við beiðninni eins og hún er orðuð í skjalinu *F334 D06 Sorpa_Endurvinnsla_glerumbúðir_171022*.

7. Starfsmannamál

ÓK gerði grein fyrir að skrifstofa Úrvinnslusjóðs hefði leitað aðstoðar Hagvangs vegna ráðningar tveggja starfsmanna sem ætlunin er að verði ráðnir tímabundinni ráðningu. Þá upplýsti ÓK um samstarf við arkitekt vegna mögulegrar breytingar á aðstöðu skrifstofunnar vegna komu nýrra starfsmanna og samskiptum við leigusala sjóðsins m.t.t. möguleika á að flytja skrifstofuna í hentugra húsnæði.

Stjórn ræddi málið, m.a. út frá breytingum sem hafa orðið á vilja launþega almennt til að sinna vinnu á heimastöð.

8. Umbótaáætlun

Fyrir fundinum lá skjal með heitið F334 D08 Drög að Verkefnaáætlun vegna úrbótatillagna Ríkisendurskoðunar.

ÓK gerði stjórn grein fyrir stöðu verkefna á áætluninni. Þar á meðal var rætt um staðfestingu þriðja aðila á meðferð úrgangs á vettvangi ráðstöfunaraðila og mikilvægi upplýsingagjafar á heimasíðu sjóðsins. Nánari umræðu um dagskrárefnið var frestað til næsta fundar.

9. Endurgjald og flutningsjöfnun

Fyrir fundinum lá skal með heitið F334 D09 Erindi til URN vegna ríkisstyrkja.

MJ kynnti stjórn efni erindisins.

Stjórn ræddi málið. BSB benti á að uppfæra yri erindið m.t.t. mögulegra breytinga á reglum um flutningsjöfnun (sjá undir liðnum önnur mál).

10. Fundaáætlun

ÁKVEDIÐ var að stjórn mundi funda á tveggja vikna fresti.

Þá var ÁKVEDIÐ að næsti fundur stjórnar skyldi haldinn 9. nóvember 2022 kl. 12:00.

11. Önnur mál

MJ birti á skjá tillögu um breytingu á flutningsjöfnun fyrir heyrúlluplast þar sem miðað verður við núllpunkta. Stjórn ræddi málið og ákvað að fresta umræðu um málið til næsta stjórnarfundar. EM benti á að æskilegt væri að sjóðurinn kallaði eftir staðfestingu á ráðstöfun erlendis.

Fleira var ekki gert á 334. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 10:56.